

07.10.21 - 10.10.21
MENNINGARHÁTÍÐ
SELTJARNARNESS



7. – 10. október

MENNINGARHÁTÍÐ SELTJARNARNESS 2021

Kæru Seltirningar,

Nú má svo sannarlega gleðjast því tíunda Menningarhátíð Seltjarnarness er að renna upp í öllu sínu veldi. Um er að ræða fjögurra daga menningarveislu sem hér er haldin annað hvert ár með pomp og prakt. Hátíð þar sem allt kapp er lagt á að bjóða íbúum og öðrum gestum sem sækja okkur heim upp á metnaðarfulla og fjölbreytta dagskrá þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Á því er engin undantekning þetta árið þó að menningarhátíðin hafi reyndar staðið tæpt um tíma vegna mikillar óvissu og samkomutakmarkana vegna Covid-19.

Sem betur fer fór þó svo að gluggi til athafna opnaðist og menningarnefnd komst að þeirri niðurstöðu að kýla á framkvæmd hátíðarinnar enda flestir langeygir eftir menningartengdum viðburðum og sýningum. Ermar voru því brettar hátt upp í lok sumars og skipulagning hátíðarinnar sett á fulla ferð áfram. Það tekur jú sinn tíma að þúsla saman endanlegri dagskrá, tímasetningum og öllum praktískum atriðum svo að allt megi ganga upp eins og best verður á kosið. Hvað þá þegar taka þarf tillit til óvissuþátta eins og breytilegra fjöldatakmakana og sóttvarnareglna. En það tókst!

Á þessari menningarhátíð er eins og áður lögð áhersla á að draga fram í dagsljósið fjölskrúðugt menningar- og mannlíf sem finna má innan okkar samfélags þó einnig sé leitað út fyrir bæjarmörkin. Gestum hátíðarinnar býðst að sjá og upplifa yfir 30 ólíka viðburði og sýningar þar sem mikill fjöldi listamanna, bæði börn og fullorðnir, leggja sitt af mörkum. Gaman er að geta þess að nokkrir viðburðir koma beint úr ranni íbúa sem sendu inn tillögur í hugmyndasöfnun þá sem fram fór í sumar.

Sérstök athygli er vakin á því að dagskrá hátíðarinnar stendur oftast en ekki frá morgni til kvölds og teygir sig víða um Seltjarnarnesið. Það er því ráð að lesa bæklinginn vel en hann hefur að geyma stað og stund allra viðburða hátíðarinnar. Svo er bara að skipuleggja dagana vandlega til að komast yfir sem mest af þeim fjölbreyttu viðburðum og sýningum sem á borð eru borin fyrir allan aldur.

Listamönnum, aðstandendum einstakra viðburða og sýninga og öðrum þeim starfsmönnum Seltjarnarnesbæjar sem að undirbúningi hátíðarinnar hafa komið eru færðar hjartans þakkir fyrir ómetanlegt framlag til Menningarhátíðar Seltjarnarness 2021.

Nú er komið að því að upplifa og njóta menningarveislu okkar Seltirninga.

Góða skemmtun!

María Björk Óskarsdóttir,
sviðsstjóri Þjónustu- og samskiptasviðs Seltjarnarnesbæjar.



FIMMTUDAGUR

kl. 12.00 – 14.00 **Menningarhátíð hefst í Gróttu**



Sækúla, hljóðlistaverk í Gróttuvita

Gróttuviti

Gunnar Gunnsteinsson tónlistarmaður, tónsmiður og Seltirningur með meiru er maðurinn á bak hljóðinnsetninguna *Sækúla* í Gróttuvita þar sem munkasöngur fær að óma í hljómburði vitans. Munkarnir syngja til hafsins og í þetta sinn er það dómsdagsmessa. Sjórinn mun brátt tortíma öllu. Það er hluti af hringrás *Sækúlnnar*. Þeir eiga það reyndar til að gleyma sér við flutninginn: verða kærulausir, fullir og ástfangnir og leyfa sér jafnvel að vona smá. Titill verksins er fenginn úr latneska frasanum *in saecula saeculorum* (þ. um aldir alda) sem gjarnan er sunginn í gregorískum söng.



Viti Project

Vitavarðarhúsinu

Mathilde Morant er frönsk listakona búsett á Íslandi til 4ra ára en *Viti Project* er listrænt verkefni á hennar eigin vegum þar sem markmiðið er að mála vatnslitamynd af öllum 130 vitum Íslands. Verkefnið hófst árið 2018 þegar hún málaði alla vitana í Reykjavík og nágrenni. Sumarið 2019 hélt hún í ævintýraferð um landið í gömlu Toyotunni sinni en inn í hana smíðaði hún rúm og keypti sér notaðan útilegubúnað. Í lok sumars hafði Mathilde málað 70 vita víða um landið. Sumrin 2020-2021 ferðaðist hún á sífellt afskekktari staði, lagði á sig langar göngur og bátsferðir í alls konar veðrum til að komast að vita til að mála.

Mathilde hefur nú málað 110 vita og verða þeir allir sýndir í Vitavarðarhúsinu í Gróttu, Gróttuviti er auðvitað þar á meðal. Mathilde býst við að mála síðustu 20 vitana sumarið 2022 þó hún vilji helst ekki að ævintýrinu ljúki.





FIMMTUDAGUR

Kl. 17.00 – 19.00 **Setning menningarhátíðar**

Bókasafn Seltjarnarness



MENNINGARHÁTÍÐ
SELTJARNARNESS

Guðrún Jónsdóttir, formaður menningarnefndar setur menningarhátíð Seltjarnarness 2021. Fjölbreytt tónlistaratriði frá Tónlistarskóla Seltjarnarness, veitingar og allir velkomnir.

Brassband spilar hátíðina inn:
Guðmundur Brynjar Þórarinsson trompet
Kristinn Rúnar Þórarinsson saxófónn
Rakel Björt Helgadóttir horn
Sverrir Arnar Hjaltason básúna
Kári Húnfjörð túba

Tærir tónar tónlistarnema:
Lilja Hrund Stefánsdóttir leikur á píanó
Agnes Sólbjört Helgadóttir spilar á klassískan gítar
Jenný Guðmundsdóttir leikur á píanó og syngur

Kl. 17.45

Bjössí Sax og Pálmi leika af fingrum fram



Hinn eini sanni **Bjössí Sax** (Björn Kristinsson) tónlistarmaður, Seltirningur og **bæjarlistamaður Seltjarnarness 2021** stígur á stökk ásamt **Pálma Sigurhjartarsyni tónlistarmanni** en saman ætla þeir að spila nokkur lög í setningarathöfn menningarhátíðarinnar.

MÁLVERK – Myndlistarsýning

Gallerí Gróttá



Guðrún Einarsdóttir myndlistarkona á Seltjarnarnesi opnar sýningu sína **MÁLVERK** í tengslum við menningarhátíðina. Verkin á sýningunni eru öll unnin á undanförunum árum. Guðrún hefur, frá útskrift úr málaradeild Myndlista-og handíðaskóla Íslands 1988, gert tilraunir með olíuliti, olíur og aðferðir þar sem birtingarform efnanna opna sífellt nýja sýn á virkni efnanna við gerð verkanna. Verkin eru lengi í vinnslu og taka breytingum í ferlinu eins og í öllu náttúruferli sem Guðrún hefur sótt innblástur í frá upphafi ferilsins. Guðrún var útnefnd **bæjarlistamaður Seltjarnarness árið 1999**. *Sýningin stendur yfir frá 7. til 30. október.*



FIMMTUDAGUR

Sköpunarkraftur kynslóðanna

Listýningar á Bókasafni Seltjarnarness



Listamenn leikskólans

Þjóða upp á sýninguna **HAUST** sem gefur innsýn inn í þá dásamlegu sköpun sem á sér stað hjá börnunum alla daga. Á menningarhátíðinni njótum við þess að sjá verk um haustið og áhrif þess á náttúruna og fuglalífið.

Hönnun og listsköpun grunnskólanema

ber vott um praktík í bland við listfengi en á sýningunni má m.a. sjá myndlist, leir og textílhönnun, bútasam og töskur, sérhannaða snaga, útskornar skeiðar og tálgaða sprota.





FIMMTUDAGUR

Sköpunarkraftur kynslóðanna

Listsýningar á Bókasafni Seltjarnarness



Handverk og hönnun úr félagsstarfi eldri bæjarbúa

Þar sem sýnd verða bæði fullunnin verk og verk í vinnslu. Fjölbreytni efniviðarins er mikil en á sýningunni má sjá myndlist, handavinnu, gler, leir, bókbönd, silfursmíði og útskorna muni. Sýningarstjóri: **Ragna Ingimundardóttir**.

Gróttuviti barnanna

Bókasafn Seltjarnarness



Gróttuviti barnanna er sýning sem verður í stöðugri mótnun alla menningarhátíðina en börnum býðst að teikna sinn eigin Gróttuvita eftir fyrirmynd og verða myndirnar síðan til sýnis í safninu.



FÖSTUDAGUR

Kl. 12.00 – 15.00

Sækúla, hljóðlistaverk í Gróttuvita

Gróttu



Gunnar Gunnsteinsson býður gestum upp á einstaka upplifun en *Sækúla* er hljóðinnsetning í Gróttuvita þar sem munkasöngur fær að óma í hljómburði vitans. Munkarnir í Gróttuvita syngja til hafsins og í þetta sinn er það dómsdagsmessa. Þeir eiga það reyndar til að gleyma sér við flutninginn: verða kærulausir, fullir og ástfangnir og leyfa sér jafnvel að vona smá.

Kl. 12.00 – 15.00

Víti Project í Vitavarðarhúsinu

Gróttu



Víti Project er listrænt verkefni **Mathilde Morant** sem hefur öll sumur frá árinu 2018 málað vatnslitamyndir af vitum Íslands. Á sýningunni í Gróttu má sjá þá 110 víta sem hún hefur þegar málað af þeim 130 sem eru við Íslandsstrendur en síðustu 20 vitana stefnir hún á að mála sumarið 2022.



Kl. 10.00 – 17.00

Málverk

Gallerí Gróttu



Verkin á myndlistarsýningu **Guðrúnar Einarsdóttur**, Málverk, eru öll unnin á undanförunum árum. Guðrún hefur, frá útskrift úr málaradeild Myndlista-og handíðaskóla Íslands 1988, gert tilraunir með olíuliti, olíur og aðferðir þar sem birtingarform efnanna opna sífellt nýja sýn á virkni efnanna við gerð verkanna. Verkin eru lengi í vinnslu og taka breytingum í ferlinu eins og í öllu náttúruferli sem Guðrún hefur sótt innblástur í frá upphafi ferilsins.



FÖSTUDAGUR

Kl. 10.00 – 17.00 **Sköpunarkraftur kynslóðanna**

Bókasafn Seltjarnarness

Listskýningar þar sem kynslóðirnar á Seltjarnarnesi; listamenn leikskólans, grunnskólans og eldri bæjarbúa sameinast og fjölbreytt listform þeirra og sköpun fær að teygja anga sína út um allt bókasafnið.



Kl. 10.00 – 17.00 **Gróttuviti barnanna**

Bókasafn Seltjarnarness



Gróttuviti barnanna er sýning sem verður í stöðugri mótun alla menningarhátíðina en börnum býðst að teikna sinn eigin Gróttuvita eftir fyrirmynd og verða myndirnar síðan til sýnis í safninu.

Kl. 10.00 – 17.00 **Þrautaleikir – verðlaun og bókaþjafir** Bókasafn Seltjarnarness



Gestum menningarhátíðar býðst að taka þátt í ýmsum skemmtilegum þrautaleikjum á safninu. Getraunir og gátur fyrir alla aldurshópa að spreyta sig á og verður dregið úr réttum svörum.

Fáðu bók að gjöf - **BLINT STEFNUMÓT VIÐ BÓK!** „Bækur eru flugvél og lest, þær eru vegur og áfangastaður – þær eru ferðalag“.



FÖSTUDAGUR

Kl. 16.00 – 17.00 **Selkórinn syngur**

Bókasafn Seltjarnarness

Kórinn okkar, **Selkórinn**, syngur valin íslensk og erlend lög fyrir gesti safnsins en lögin eru úr efnisskrá árvissra vortónleika kórsins sem fáir fengu að njóta síðasta vor vegna samkomutakmarkana.



Kl. 20.00 – 21.30

Óskalagatónleikar

Seltjarnarneskirkja



Tindatríóið og Friðrik Vignir Stefánsson standa fyrir stórskemmtilegum tónleikum á léttu nótonum á menningarhátíð þar sem tónleikagestir geta valið sín uppáhaldslög úr lagalista með yfir 100 þekktum dægurlögum bæði íslenskum og erlendum.

Tindatríóið er skipað þeim feðgum Atla Guðlaugssyni og sonum hans þeim Bjarna og Guðlaugi. Allir eru þeir menntaðir tónlistarmenn og söngvarar og hafa komið víða fram til fjölda ára. Friðrik Vignir leikur með á píanó, orgel og harmonikku.



LAUGARDAGUR

Kl. 9.30

Trimmklúbbur Seltjarnarness

Sundlaug Seltjarnarness



TKS býður bæjarbúum með sér í létt morguntrimm um Nesið sem byrjar við sundlaugina. Teknar verða teygjur á leikskólalóðinni og svo trítlað í morgunkaffi á Bókasafni Seltjarnarness.

Kl. 10.00 – 11.00

Morgunkaffi og léttleikandi tónar

Bókasafn Seltjarnarness



Góðan og blessaðan daginn!

Bæjarbúum er boðið í kaffi og kleinu, kókómjólk og köku í tilefni menningarhátíðar og mun **Margrét Arnar** harmonikkuleikari gleðja gesti með ljúfum tónum yfir morgunkaffinu.

kl. 10.00 – 17.00

Málverk

Gallerí Gróttu



Verkin á myndlistarsýningu **Guðrúnar Einarsdóttur**, Málverk, eru öll unnin á undanförunum árum. Guðrún hefur, frá útskrift úr málaradeild Myndlista-og handíðaskóla Íslands 1988, gert tilraunir með olíuliti, olíur og aðferðir þar sem birtingarform efnanna opna sífellt nýja sýn á virkni efnanna við gerð verkanna. Verkin eru lengi í vinnslu og taka breytingum í ferlinu eins og í öllu náttúruferli sem Guðrún hefur sótt innblástur í frá upphafi ferilsins.

Athugið!

Frá kl.15-17 er eingöngu gengið inn í Gallerí Gróttu frá Eiðistorgi.



LAUGARDAGUR

Kl. 10.00 – 15.00 **Sköpunarkraftur kynslóðanna**

Bókasafn Seltjarnarness

Listskýning þar sem kynslóðirnar á Seltjarnarnesi; listamenn leikskólans, grunnskólans og eldri bæjarbúa sameinast og fjölbreytt listform þeirra og sköpun fær að teygja anga sína út um allt bókasafnið.



Kl. 10.00 – 15.00 **Þrautaleikir – verðlaun og bókaþjófur**

Bókasafn Seltjarnarness



Gestum menningarhátíðar býðst að taka þátt í ýmsum skemmtilegum þrautaleikjum á safninu. Getraunir og gátur fyrir alla aldurshópa að spreyta sig á og verður dregið úr réttum svörum.

Fáðu bók að gjöf - **BLINT STEFNUMÓT VIÐ BÓK!**

„Bækur eru flugvél og lest, þær eru vegur og áfangastaður – þær eru ferðalag“.

Kl. 10.00 – 15.00 **Gróttuvíti barnanna**

Bókasafn Seltjarnarness



Gróttuvíti barnanna er sýning sem verður í stöðugri mótun alla menningarhátíðina en börnum býðst að teikna sinn eigin Gróttuvita eftir fyrirmynd og verða myndirnar síðan til sýnis í safninu.



LAUGARDAGUR

Kl. 10.00 – 15.00 **Barnadagskrá**

Bókasafn Seltjarnarness


10.00 – 15.00 **Ugluföndur**

Uglur eru skemmtilegar og skrýtnar og sjást stundum hér á Nesinu. Fjölskyldum er boðið að koma og fönndra sína eigin uglu úr kónglum og fjöðrum.



11.00 – 13.00 **3D Prentunarnámskeið**

Ungmennum býðst að læra að teikna upp hugsanir sínar í þrívídd á tölvutæku formi. Kennst hvernig 3D prentarar virka bæði möguleika þeirra og takmarkanir. Allir fá sitt föndur og 3D prent með heim.




13.00 **Gunni Helga kemur í heimsókn**

Gunnar Helgason rithöfundur kikir í heimsókn með Palla playstation og fleiri sögupersónur en hann ætlar að spjalla við krakkana og lesa upp úr nýju bókunum - bara gaman!



Frostpinnafjör

Snú snú frostpinnar í boði frá kl. 14.00 fyrir alla káta krakka.





LAUGARDAGUR

Kl. 12.00 – 16.00

Sækúla, hljóðlistaverk í Gróttuvita

Gróttu



Gunnar Gunnsteinsson býður gestum upp á einstaka upplifun en *Sækúla* er hljóðinnsetning í Gróttuvita þar sem munkasöngur fær að óma í hljómburði vitans. Munkarnir í Gróttuvita syngja til hafsins og í þetta sinn er það dómsdagsmessa. Þeir eiga það reyndar til að gleyma sér við flutninginn: verða kærulausir, fullir og ástfangnir og leyfa sér jafnvel að vona smá.

Kl. 12.00 – 16.00

Viti Project í Vitavardarhúsinu

Gróttu



Viti Project er listrænt verkefni **Mathilde Morant** sem hefur öll sumur frá árinu 2018 málað vatnslitamyndir af vitum Íslands. Á sýningunni í Gróttu má sjá þá 110 vita sem hún hefur þegar málað af þeim 130 sem eru við Íslandsstrendur en síðustu 20 vitana stefnir hún á að mála sumarið 2022.

Kl. 12.00 – 16.00

Tálgaðu flautu í Fræðasetrinu

Gróttu



Bjarni Þór Kristjánsson smíðakennari býður gestum og gangandi að spreyta sig á að tálga flautu úr ylli. Kennið verða læst hnifsbrögð sem koma í veg fyrir að viðkomandi fari sér að voða.

Bjarni þór er fæddur á Seltjarnarnesi og hefur stundað mismunandi handverk frá unga aldri svo sem tálgun, útskurð, rennismiði, trafaöskjurgerð og eldsmíði.



LAUGARDAGUR

Kl. 13.00 – 16.00 **LEGOsafn og sýning**

Tjarnarból



Pétur Breiðfjörð og Rut bjóða bæjarbúum að kíkja í **bílskúrinn** sinn sem staðsettur er á móti **Tjarnarbóli 10-12** til að skoða einstakt legosafn Péturs.

Safnið hefur að geyma um **500 gömul og ný legosett** sem Pétur hefur sett saman og safnað frá árinu 1980.

Elsta settið er frá 1963 og þau nýjstu frá 2021.

Kl. 13.00 – 17.00 **Lyfjafræðisafnið í Nesi**

Safnatröð



Í Lyfjafræðisafninu er hægt að sjá sýnishorn af apóteksinnréttingum sem eru frá öndverðri síðustu öld auk þess sem þar eru til sýnis tæki sem notuð hafa verið til lyfjagerðar öldum saman.

Lyfjafræðingar verða á staðnum og veita upplýsingar.



LAUGARDAGUR

Kl. 17.00 – 18.00

Árni Heimir og kyrrðarstund með Bach

Seltjarnarneskirkja



Árni Heimir Ingólfsson píanóleikari og tónlistarfræðingur leikur fallega tóna eftir Johann Sebastian Bach á flygil Seltjarnarneskirkju auk þess sem hann segir lítillega frá Bach og tónlist hans inn á milli laga.

Um verður að ræða rólega og afslappandi stund þar sem hægt er að gleyma amstri hversdagsins og njóta ljúfra tóna eftir eitt mesta tónskáld klassískrar tónlistar. Árni Heimir er búsettur á Seltjarnarnesi og var útnefndur **bæjarlistamaður Seltjarnarness árið 2020**.

Kl. 20.00 – 22:00

Silent Disco

Selið



Öllum **ungmendum á Seltjarnarnesi** er boðið í Silent Disco, sannkallað danspartí og fullt af fjöri.

Tveir DJ-ar á staðnum, fjöldinn allur af heyrnartólum og svalandi gosdrykkur fyrir alla.





SUNNUDAGUR

Kl. 11.00 – 12.00

Meningarmessa og sunnudagaskóli

Seltjarnarneskirkja

Guðsþjónusta þar sem **Dr. Jón Ásgeir Sigurvinsson**, héraðsprestur þjónar og **Auður Hafsteinsdóttir** leikur einleik á fiðlu. **Friðrik Vignir** er organisti og félagar úr **Kammerkór Seltjarnarneskirkju** syngja.

Sólveig Ragna, sr. Bára og Messíana sjá um sunnudagaskólann. Boðið verður upp á **kaffiveitingar** í Safnaðarheimilinu eftir messu.



Kl. 13.00 – 14.00

Meningarganga á Seltjarnarnesi

Gamli Mýró



Pálmi Jónasson, sagnfræðingur, rithöfundur og fréttamaður leiðir hóp um æskuslóðir sínar á Seltjarnarnesi og ber menningargangan yfirskriftina: **Æska mín – Mýrarhús – Pálsbær – Eiðar.**

Gangan byrjar og endar við Gamla Mýrarhúsaskóla en farinn verður þægilegur hringur meðfram Seltjarnarneskirkju og Valhúsaheð niður að Pálsbæ og upp Plútóbrekku. **Fræði og skemmtun** í bland því á göngunni mun Pálmi segja frá sögufrægum húsum og svæðum í umhverfinu sem og tengja frásögnina við skemmtilegar æskuminningar og nokkrar lykilpersónur af Nesinu frá fyrri tíma.



Komdu með í menningargöngu!

10
OKTÓBER

SUNNUDAGUR

Kl. 13.00 – 16.00

Sækúla, hljóðlistaverk í Gróttuvita

Gróttu



Gunnar Gunnsteinsson býður gestum upp á einstaka upplifun en *Sækúla* er hljóðinnsetning í Gróttuvita þar sem munkasöngur fær að óma í hljómburði vitans. Munkarnir í Gróttuvita syngja til hafsins og í þetta sinn er það dómsdagsmessa. Þeir eiga það reyndar til að gleyma sér við flutninginn: verða kærulausir, fullir og ástfangnir og leyfa sér jafnvel að vona smá.

Kl. 13.00 – 16.00

Viti Project í Vitavardarhúsinu

Gróttu



Viti Project er listrænt verkefni **Mathilde Morant** sem hefur öll sumur frá árinu 2018 málað vatnslitamyndir af vitum Íslands. Á sýningunni í Gróttu má sjá þá 110 vita sem hún hefur þegar málað af þeim 130 sem eru við Íslandsstrendur en síðustu 20 vitana stefnir hún á að mála sumarið 2022.



Kl. 13.00 – 17.00

Lyfjafræðisafnið í Nesi

Safnatröð

Í Lyfjafræðisafninu er hægt að sjá sýnishorn af apóteksinnréttingum sem eru frá öndverðri síðustu öld auk þess sem þar eru til sýnis tæki sem notuð hafa verið til lyfjagerðar öldum saman.

Lyfjafræðingar verða á staðnum og veita upplýsingar.





SUNNUDAGUR

kl. 13.00 – 17.00 **Málverk**

Gallerí Gróttta



Verkin á myndlistarsýningu **Guðrúnar Einarsdóttur**, Málverk, eru öll unnin á undanförunum árum. Guðrún hefur, frá útskrift úr málaradeild Myndlista-og handiðaskóla Íslands 1988, gert tilraunir með olíuliti, olíur og aðferðir þar sem birtingarform efnanna opna sífellt nýja sýn á virkni efnanna við gerð verkanna. Verkin eru lengi í vinnslu og taka breytingum í ferlinu eins og í öllu náttúruferli sem Guðrún hefur sótt innblástur í frá upphafi ferilsins.

Athugið! Gengið er inn í Gallerí Gróttta frá Eiðistorgi, 2. hæð.

kl. 17.00 – 18.00 **Óvenjulegir orgeltónleikar**

Seltjarnarneskirkja



Friðrik Vignir Stefánsson organisti býður bæjarbúum upp á afar hressandi og óvenjulega orgeltónleika þar sem hann fer mjög svo óhefðbundnar leiðir í lagavali.

Á efnisskránni verða lög sem útsett hafa verið fyrir orgel allt frá lírukassastíl yfir í djass og þekkt popplög. Bach og Handel, Clapton og Queen koma meðal annarra við sögu sem og Superman og Star Wars. Þetta verður eitthvað!



SUNNUDAGUR



Kl. 18.00 – 22.00 **Bílabíó**

Bílabíó leikskólans

Seltjarnarnesbær býður bæjarbúum í alvöru bílabíó í lok menningarhátiðar 2021. Sýndar verða tvær sívinsælar myndir á hágæða 16 m² LED skjá og verður hljóðinu streymt í útvarpið í bílnum á FM 106.1.

Kl. 18.00 **Víti í Vestmannaeyjum**

Kl. 20.00 **GREASE**

Bílabíóið verður staðsett á bílastæðinu við leikskólann á Suðurströnd. Gæsluliðar verða á staðnum og aðstoða við uppröðun bíla. Allir eru velkomnir á meðan að bílabíó er í gangi.

Fyrirvari - Bílabíó er háð veðri!

Við treystum á að veðurguðirnir verði okkur hliðhollir sunnudaginn 10. október en ef nauðsynlegt verður að fresta sýningum vegna veðurs verður það tilkynnt vandlega á FB síðu bæjarins.





07.10.21 - 10.10.21
MENNINGARHÁTÍÐ
SELTJARNARNESS



Njóttu menningarhátíðar!

Ókeypis aðgangur
á alla viðburði hátíðarinnar



**GALLERÍ
GRÓTTA**

Opnunartímar á menningarhátíð:

Bókasafn Seltjarnarness og Gallerí Gróttu

Fimmtudagur 7. október kl. 10 - 19

Föstudagur 8. október kl. 10 - 17

Laugardagur 9. október kl. 10 - 15

Aukaopnun í Gallerí Gróttu

(gengið inn frá Eiðistorgi, 2. hæð)

Myndlistarsýning Guðrúnar Einarsdóttur

Laugardag 9. október verður opið til kl. 17

Sunnudag 10. október 13 - 17

Virðum sóttvarnir!

Viðburðir á Menningarhátíð Seltjarnarness taka mið af gildandi samkomutakmörkunum og sóttvarnarreglum. Spritt á öllum stöðum og skráningarblöð þar sem þörf krefur.

Gestir menningarhátíðar eru beðnir um gæta vel að persónubundnum sóttvörnum og virða nálægðarmörk og grímuskyldu eftir því sem við á.

Allar upplýsingar um dagskrá Menningarhátíðar
Seltjarnarness má finna á www.seltjarnarnes.is
og á [fésbókarsíðu Seltjarnarnesbæjar](#).



SELTJARNARNESBÆR